

Fjármála-og efnahagsráðuneytið

Reykjavík 8. október 2020

Efni : Frumvarp til laga um stafrænt pósthólf (FJR20060078)

Creditinfo Lánstraust hf. hefur kynnt sér áform um lagasetningu frá ráðuneytinu, dags. 24. september sl., sem lýtur að stafrænu pósthólfi.

Félagið fagnar þeim áformum stjórnvalda að heimilað verði með lögum að senda einstaklingum og lögaðilum gögn með rafrænum hætti inn á stafrænt pósthólf á island.is og að slík sending gagna tryggji að réttaráhrifin verði þau sömu og þegar gögn eru send með bréfpósti.

Eins og fram kemur í áformunum er í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar lögð áhersla á að Ísland „búi sig undir að mæta þeim áskorunum og nýta þau tækifæri sem felast í sífellt örari tæknibreytingum“.

Þrátt fyrir að markmið fyrirhugaðrar lagasetningar sé að stuðla að skilvirkri opinberri þjónustu, auka hagkvæmni í stjórnslu og tryggja öruggari leið til samskipta stjórnvalda við einstaklinga og lögaðila á einum stað, vill Creditinfo Lánstraust hf. benda á að lög og reglur skylda einkaaðila á mörgum sviðum að senda einstaklingum og lögaðilum tilkynningar á skráð lögheimili skv. Þjóðskrá.

Creditinfo Lánstraust hf. sem er fjárhagsupplýsingastofa sem starfar á grundvelli starfsleyfis frá Persónuvernd skv. 15. gr. laga nr. 90/2018, er til að mynda skylt að senda einstaklingum og lögaðilum tilkynningar um fyrirhugaðar skráningar á vanskilaskrá. Einnig er félaginu skylt skv. starfsleyfi að senda sömu aðilum tilkynningar um uppflettingar áskrifenda í starfsleyfisskyldum skráum félagsins.

Fyrir utan þann kostnað sem almennar bréfasendingar hafa í för með sér, og leggjast með einum eða öðrum hætti á neytendur, þarf hér að horfa til umhverfisáhrifa sem og persónuverndar, en með rafrænum sendingum tilkynninga telur félagið að tryggja megi enn frekar persónuvernd við vinnslu persónuupplýsinga.

Creditinfo Lánstraust hf. telur að ef Ísland á að mæta þeim áskorunum og nýta þau tækifæri sem felast í sífellt örari tæknibreytingum sé nauðsynlegt að víkka gildissvið þessara fyrirhuguðu laga þannig að þau nái í það minnsta jafnframt til þeirra tilkynninga sem einkaaðilum ber að senda samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

F.h. Creditinfo Lánstrausts hf.



Brynja Baldursdóttir
Framkvæmdastjóri